

Hermikennsla í sjúkrabjálfun

Höfundur og flytjandi: Steinunn A. Ólafsdóttir lektor við Námsbraut í sjúkrabjálfun

Inngangur: Hermikennsla hefur verið að ryðja sér til rúms innan heilbrigðisvísinda en hún byggir á þremur meginþáttum; forviðrun, hermingu og viðrun eftir hermingu. Áhersla í hermikennslu innan heilbrigðisvísinda hefur verið á bráðatilfelli en ljóst er að aðferðafræðin á heima innan fleiri greina. MOSAICO-aðferðin við hermikennslu á uppruna sinn á Spáni og var prófuð í fyrsta sinn við Námsbraut í sjúkrabjálfun haustið 2025 með það að markmiði að efla nemendur í mismunagreiningu á fylgikvillum í kjölfar beinbrots.

Aðferðir: Skv. MOSAICO-aðferðinni fengu nemendur (n=27) námsefni og forskriftir um fjóra mögulega fylgikvilla einni viku fyrir hermikennsluna. Hópnum var tvískipt (fyrir og eftir hádegi) og á staðnum var nemendum skipt í þrjá hópa (4-5 nemendur í hópi) sem hver um sig fékk einn fylgikvilla til að hanna klínísk tilfelli um, sem síðan voru notuð í hermingunni. Eftir viðrun svöruðu nemendur staðhæfingum (7-punkta Lickert-kvarði) um reynslu sína af hermikennslunni. Auk þess svöruðu nemendur einni spurningu í upphafi og lok tímans þar sem þeir voru beðnir um að meta hæfni sína (á skalanum 0-10) til að mismunagreina eftir beinbrot.

Niðurstöður: Sjálfsmat á hæfni til mismunagreiningar fyrir og eftir tímann jókst um 33% (úr 5,4 í 7,2). Flestir nemendur (75%) voru mjög/algerlega sammála því að undirbúningurinn hafi komið sér vel þegar nemandi þurfti að beita klínískri rökhugsun og rúmlega 48% voru mjög/algerlega sammála því að við hönnun á tilfelli hafi verið komið inn á mismunandi þætti í meðferðarferli sjúkrabjálfunar. Flestum nemendum (75%) fannst hermingin gera þeim kleift að meta eigin viðbrögð þegar þeir fylgdust með samnemendum, rúmlega fjórðungur (26,1%) var mjög/algerlega sammála því að samskipti og færni líktust raunverulegum aðstæðum og tæplega 80% voru mjög/algerlega sammála því að viðrunin hafi gert þeim kleift að fara á dýptina um möguleg klínísk einkenni.

Umræður: Nemendur lýstu almennri ánægju með hermikennsluna og gáfu okkur jafnframt nokkur góð ráð fyrir framtíðina.